

**A 1618/miljö**

Fjallað um í:
Umhverfis- og
náttúruauðlindanefnd

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer 14-00112-11

Nefndarálit umhverfis- og náttúruauðlindanefndar um

þingmannatillögu um að auka norrænt samstarf um að verja norrænar vatnsauðlindir

1. Tillaga nefndarinnar

Umhverfis- og náttúruauðlindanefnd leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að taka saman reynslu af framkvæmd rammatilskipunar ESB um vatn (FWD) á Norðurlöndum og vinna tillögur með hliðsjón af komandi endurskoðun á tilskipuninni.

að kortleggja sterka stöðu Norðurlanda í vatnsauðlindamálum og hvernig megi á hagkvæman hátt notfæra sér hana í vinnunni við að tryggja vatnsveitur á öðrum svæðum.

Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna um

að leggja áherslu á vinnuna við að tryggja sjálfbæra stjórnun vatnsauðlinda og aðgang borgaranna að góðu vatni, með samstarfi sínu innan Norðurlanda, innan ESB og hjá öðrum alþjóðlegum stofnunum og í samræmi við sáttmála

að eiga samstarf og samhæfa sjónarmið sín við endurskoðun rammatilskipunar ESB um vatn (FWD)

2. Aðdragandi

Forsenda tillögu flokkahóps miðjumanna í Norðurlandaráði felst í því að vatnsveita er nátengd efnahags-, félags- og öryggismálum. Ennfremur býr næstum því helmingur íbúa ESB í löndum þar sem álagið á vatnsauðlindirnar er of mikið. Norðurlandabúar eru vel staddir því þeir hafa góðan aðgang að vatnsauðlindum og búa yfir tæknilegri þekkingu á vatnsveitu og stjórnun vatnsauðlinda. Loftslagsbreytingar geta þó haft áhrif á vatnsgæði á Norðurlöndum samkvæmt tillögunni. Rammatilskipun

ESB um ferskvatn er ætlað að tryggja gott ástand vatns til framtíðar segir í tillögunni¹.

Samkvæmt tillögunni hafa Norðurlöndin ekki í nægum mæli samhæft vinnu sína varðandi vatn. Ef framtíðarhorfur eru skoðaðar, þá telur flokkahópur miðjumanna að Norðurlöndin ættu að vinna stefnumótunarvinnu að verndun vatnasvæða, vatnsauðlinda og grunnvatns gegn mengun og ofurskattlagningu.

Tillagan gengur út á að ríkisstjórnir Norðurlandanna, bæði á alþjóðavísu og innan ESB, vinni að því að leggja höfuðáherslu á verndun norrænna vatnsauðlinda á komandi árum.

Ennfremur að „þekking um vatn“ verði liður í starfinu við að *markaðssetja* Norðurlöndin (Team Norden vinnan), sem svæði með sérþekkingu á þessu sviði.

Vatnsauðlindir í norrænu samstarfi

Á tímabilinu frá 2002 hefur Norðurlandaráð ekki samþykkt tilmæli sem taka á sömu málum og þessi tillaga. En mörg eldri tilmæli hafa haft skírskotun til ferskvatnsauðlindanna. Til dæmis voru á þemaþinginu á Akureyri í apríl 2014 samþykkt tilmæli um hreinsun skólps í Eystrasalti og fiskeldi í hringrásarkerfum. Vatnsauðlindir voru einnig liður í tillögu frá flokkahópi vinstri sósíalista og grænna (VSG) um verndun sameiginlegra náttúruauðlinda (2011), sem Norðurlandaráð samþykkti að fylgja ekki eftir að lokinni langri umfjöllun í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd.

Tillagan beinir sjónum að stórrí og mikilvægri áskorun sem öll Norðurlöndin láta sig varða. Öll Norðurlöndin eru háð rammatilskipun ESB um vatn (FWD) og framkvæmdin er í fullum gangi.

Norræna ráðherranefndin hefur lagt sitt af mörkum til þess að komið hefur verið á samstarfi á milli Norðurlandanna um framkvæmd rammatilskipunarinnar (FWD) og að frá árinu 2008 hafa farið fram árlegar málstofur hér að lútandi² ³. Vatn kemur einnig við sögu í framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar í umhverfismálum árin 2013-2018⁴. Samkvæmt rammatilskipun ESB um vatn (FWD), eiga

¹ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EF um að koma á fót ramma um sameiginlega vatnsstefnu innan ESB (vatnatilskipunin) er ein af mikilvægustu, ítarlegustu og framsæknum umhverfistilskipunum ESB. Áður var ESB-löggjöf sem fjallaði um vatn sundurlaus í aðskildum tilskipunum sem var skipt niður á málaflokka; nítröt, fráveitur, mengunareftirlit, baðvatn og náttúruvernd með meiru. Með vatnatilskipuninni voru allir þessir málaflokkar settir í einn yfirramma, þar sem verndun og notkun vistkerfa vatns er heildstæða yfirmarkmiðið. Vatnatilskipunin var fyrsta umhverfistilskipunin sem lagði grunninn að heildstæðri og samræmdri stjórnun á lykilmáttum í umhverfismálum og þessari nálgun hefur verið fylgt eftir síðar með m.a. „tilskipuninni um málefni hafsins“. <http://www.vannportalen.no/hovedEnkel.aspx?m=31147&amid=1249408>

²Í verkefnagagnagrunni umhverfisráðherranna er lýsing á verkefni frá 2008-2009: „Yfirmarkmiðið með verkefninu er að efla norrænt samstarf um framkvæmd vatnatilskipunar ESB með því að byggja á sameiginlegum hefðum sem gilda um lög og stjórnsýsluhætti, til viðbótar við samburðarhæfar gerðir vatns og áhrifaþætti. Þörf er fyrir náð samstarf og viðtæk skipti á þekkingu á milli stjórnsýslustofnana um vatnatilskipunina á Norðurlöndum. Með auknu norrænu samstarfi munu bestu dæmi okkar um framkvæmd vatnatilskipunarinnar geta verið fyrirmyndir fyrir og haft áhrif á framkvæmd tilskipunarinnar í öðrum löndum Evrópu. Með auknum samskiptum og með því að halda tvær málstofur á þetta verkefni að stuðla að skiptum á þekkingu á góðri framkvæmd og samstillingu vatnatilskipunarinnar (rammatilskipunarinnar um vatn) á Norðurlöndum.“

³ Sjá upplýsingar um árlegu norrænu málstofurnar á <http://www.vannportalen.no/enkel.aspx?m=59821>

⁴Í áætluninni stendur m.a.: „í samræmi við rammatilskipun ESB um vatn vinna Norðurlöndin nú að gerð stjórnkipulags fyrir strandvatn og ferskt vatn.“ Tveir af vinnuhópum Norrænu

Norðurlandaráð

A 1618/miljö

Fjallað um í:
Umhverfis- og
náttúruauðlindanefnd

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer 14-00112-11

Norðurlandaráð

A 1618/miljö

Fjallað um í:
Umhverfis- og
náttúruauðlindanefnd

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer 14-00112-11

Norðurlöndin að vinna stöðuskýrslur um gæði allra vatnskerfa innan viðkomandi landamæra sinna. Þar sem ástand vatnsauðlindanna er óviðunandi, skal vinna áætlanir um hvernig megi bæta ástandið. Reiknað er með að rammatilskipunin (FWD) muni í næstu framtíð setja mark sitt á vinnuna við nýtingu og verndun ferskvatnsauðlinda á Norðurlöndum.

Samanburðargreining á framkvæmd rammatilskipunar ESB um vatn (FWD) fór fram árið 2010. Í samantektinni stendur m.a.: „Heildarmatið er að á skorti um framkvæmd rammatilskipunarinnar (FWD) í öllum skandinavísku löndunum.“ Aftur á móti má segja að löggjöf sumra landanna gefi í dag betri forsendur til að hrinda kröfum tilskipunarinnar í framkvæmd⁵.

3. Umsagnir

Á fundi nefndarinnar í september hélt Antton Keto frá finnsku umhverfismiðstöðinni SYKE (Finlands Miljösentral), ferskvatnsdeildinni, kynningu um vinnuna við verndun vatnsauðlinda á Norðurlöndum.

Antton Keto fræddi okkur á því að Norðurlöndin vinni bæði að því að kanna gæði og þróa aðferðir til þess að bæta vatnasvæði á Norðurlöndum með hliðsjón af rammatilskipun ESB um vatn (FWD). Samkvæmt upplýsingum frá Svíþjóð og Finnlandi er staðan góð á milli 30 og 50% af vatnasvæðunum. Framkvæmd tilskipunarinnar er á áætlun í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, en Danmörk og Ísland eru aðeins á eftir. Samkvæmt tilskipuninni er markmiðið að ná fram góðri stöðu allra vatnasvæða í síðasta lagi árið 2027. Slælegt ástand er oftast til komið vegna mannvirkja á vatnasvæðum, eins og til dæmis stíflna. Landbúnaður hefur einnig neikvæð áhrif.

Gerðir hafa verið tvíhliða samningar um vatnasvæði á landamærasvæðum Noregs, Svíþjóðar og Finnlands. Stjórnvöld hafa með sér talsvert samstarf um verkefni. Samstarf um rannsóknir á milli Norðurlandanna er einnig gott, en það mætti efla það. Félögin í Norræna vatnafræðifélaginu hafa með sér vel þróað samstarf.

Það á að endurskoða rammatilskipun ESB um vatn á tímabilinu 2016-19. Í því samhengi gæti, samkvæmt Antton Keto, verið góð hugmynd að efla norrænt samstarf. Einnig gæti verið gagnlegt að eiga norrænt samstarf

ráðherranefndarinnar um umhverfismál (MR-Miljø) hafa verkefni sem tengjast ferskvatni (HAV- og TEG-hóparnir). Í mars 2014 var haldin ráðstefna í Finnlandi, þar sem mátti meðal annars lesa í boðsbréfinu: „The Nordic WFD Conference will be held in the City of Oulu in Finland on 19th of March 2014 („Norræna WFD ráðstefnan verður haldin í Oulu í Finnlandi 19. mars 2014“). The Nordic countries share many similarities concerning water related issues and face mutual challenges that need to be solved and adapted in collaboration. („Norðurlöndin eiga margt sameiginlegt í vatnsmálum og standa andspænis sameiginlegum áskorunum sem þarf að leysa og aðlaga með samvinnu“) The objective of the Nordic WFD 2014 Conference is to share experiences and discuss key challenges of 2nd River Basin Management cycle. („Tilgangur norrænu WFD ráðstefnunnar árið 2014 er að skiptast á reynslu og ræða helstu viðfangsefni í annarri umferð stjórnunar vatnasviðaumdæma“) These include programme of measures, governance, implementation of EU Water Blueprint, harmonisation of status assessments and best practises of ICT and technical solutions. („Þeirra á meðal má telja áætlun um aðgerðir, stjórnun, framkvæmd vatnaáætlunar ESB, samræmingu á stöðumati og bestu notkun upplýsingatækni og tæknilausna“) We hope that this way we can enhance resource effective implementation of WFD in Nordic countries.“ („Við vonumst til að á þennan hátt megi efla skilvirka framkvæmd WFD á Norðurlöndum“)

⁵ Stefnit að sömu markmiðum? Implementeringen av EU:s ramdirektiv för vatten i Skandinavien, Juridiska institutionens skriftserie („Framkvæmd rammatilskipunar ESB fyrir vatnasvæði í Skandinavíu, ritröð Lagastofnunar“)

Handelshögskolan vid Göteborgs universitet, Skrift 6 2010 („Viðskiptafræðideild Gautaborgarháskóla, Rit 6 2010“)

Norðurlandaráð

A 1618/miljö

Fjallað um í:
Umhverfis- og náttúruauðlindanefnd

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer 14-00112-11

Norðurlandaráð

A 1618/miljö

Fjallað um í:
Umhverfis- og náttúruauðlindanefnd

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer 14-00112-11

um þróun viðmiða og aðferða fyrir mat á umhverfisáhrifum, til dæmis áhrif vatnsaflsvirkjana.

Norðurlandaráð

Samkvæmt Antton Keto njóta Norðurlöndin forréttinda samanborið við önnur evrópsk ríki með tilliti til aðgangs að vatnsauðlindum. Aukin tíðni flóða er þó vaxandi vandamál og á því er bara hægt að taka með langtímaáætlunum. Þetta gæti einnig verið svið þar sem mætti efla norrænt samstarf.

A 1618/miljö

Fjallað um í:
Umhverfis- og náttúruauðlindanefnd

Norðurlöndin hafa sérþekkingu á sviðum sem varða sambandið á milli snævar, íss og vatnsauðlinda. Ennfremur eru viðhafðir stjórnunar- og stjórnsýsluhættir sem virka vel í samanburði við mörg önnur lönd. Á þessum sviðum gætu Norðurlöndin haft möguleika til að flytja út þekkingu.

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer 14-00112-11

„Sílóhugsun“ veldur því, samkvæmt Antton Keto, að verndun vatnsauðlinda verður erfiðari en nauðsyn krefur. Til dæmis er sterk tenging á milli gæða vatnsauðlinda og landbúnaðarstefnu ESB. Loftslagsaðlögun, bygging vatnsaflsvirkjana og efnalöggjöfin eru aðrir þættir. Norðurlöndin geta reynt sér til hagsbóta að þróa heildstæðari stefnu.

Norðurlandaráð

A 1618/miljö

Fjallað um í:
Umhverfis- og náttúruauðlindanefnd

Danska umhverfisstofnunin „Naturstyrelsen“

Naturstyrelsen bendir á að óformlegt samstarf eigi sér stað í dag um framkvæmd rammatilskipunar ESB um vatn (FWD) þar sem skipst er jafnt og þétt á reynslu og að þörf breytinga á rammatilskipuninni verði rædd innan þessa samstarfs. Ennfremur er bent á að Norðurlöndin leggja nú þegar áherslu á vinnu með vatnsauðlindir og eiga í samstarfi um að samræma sjónarmið þegar forsendur eru til staðar. Stofnunin lætur í ljósi að tilmælin um könnun á styrkleika Norðurlandanna styðji framtíðarsýn ríkisstjórnar Danmerkur.

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer 14-00112-11

Finnska umhverfisstofnunin „SYKE“

SYKE tekur jákvæða afstöðu til tillögunnar í ljósi þess að vinnan í vinnuhópum ESB gefur ekki næg tækifæri til að taka fyrir sértækar svæðisbundnar aðstæður. SYKE telur hagkvæmt að efla hlutverk Norrænu ráðherranefndarinnar í vatnsmálum, að þróa samstarfið með reglubundnum fundum lykilaðila í vatnsverndarmálum, viðbrögðum við flóðum og í vatnafræði auk þess að stofna vinnuhópa eftir því sem þörf krefur; hópa sem geta undirbúið norræn sjónarmið þar sem um sameiginleg norræn hagsmunamál er að ræða.

Umhverfisráðuneyti Finnlands

Umhverfisráðuneyti Finnlands greinir frá því að norrænt samstarf um framkvæmd rammatilskipunar ESB um vatn (FWD) hafi verið óopinbert, en að Norræna ráðherranefndin hafi stuðlað að reglubundnum fundum til skoðanaskipta. Þessi skoðanaskipti hafa verið metin sem gagnleg, að þeim beri að halda áfram og að vel færi á að Norræna ráðherranefndin haldi áfram að leggja fjármagn í þennan málaflokk. Málið verður tekið fyrir í formennskuáætlun Finna í Norrænu ráðherranefndinni árið 2016. Einnig gæti átt við að veita vatnsauðlindum veglegri sess í framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar í umhverfismálum; í þeirri endurskoðun sem nú fer fram á áætluninni. Í alþjóðlegu starfi leggur Finnland áherslu á vatnsauðlindir á landamærasvæðum, en það mál hafa hin Norðurlöndin ekki lagt áherslu á. Nokkurt norrænt samstarf á sér stað í alþjóðlegum vatnsmálum, ekki síst með tilliti til þróunaraðstoðar. Ekki er talin vera þörf á að gera samstarfið í alþjóðlegum vatnsmálum formlegt.

Finnsku náttúruverndarsamtökin „Finlands naturskyddsförbund“

Finnsku náttúruverndarsamtökin styðja tillöguna um að efla norrænt samstarf um að verja norrænar vatnsauðlindir.

Haf- og vatnastofnun Svíþjóðar „Havs- och vattenmyndigheten“

Haf- og vatnastofnun Svíþjóðar styður sérstaklega að Norðurlöndin vinni sameiginlega tillögu um vinnuna við endurskoðun rammatilskipunarinnar um vatn og aðferðir til að meta áhrif aðgerða. Með tilliti til þriðja málsliðs tillögunnar er bent á að það er ekki nóg að tryggja aðgang að vatni, vatnið þarf líka að vera gott.

Sænska matvælastofnunin „Livsmedelsverket“

Sænska matvælastofnunin lítur jákvæðum augum á norræna samvinnu innan Norrænu ráðherranefndarinnar um vatn og drykkjarvatn. Bent er á að ríkisstjórnin hafi ákvörðunarrétt um pólitískt samstarf.

Jarðfræðistofnun Svíþjóðar „Sveriges geologiska undersökning“

Jarðfræðistofnun Svíþjóðar styður tillöguna um að safna saman reynslu um framkvæmd rammatilskipunar ESB um vatn (FWD) í þeim tilgangi að þróa skoðanir á komandi endurskoðun tilskipunarinnar. Bent er á að náttúrulegar aðstæður á Norðurlöndum eru ólíkar aðstæðum annars staðar í Evrópu og að því gæti reynst erfitt að fá hljómgrunn fyrir sjónarmið Norðurlandanna hvers um sig. Reiknað er með auknum hljómgrunni fyrir sjónarmið Norðurlandanna með samræmingu. Menn lýsa yfir neikvæðri afstöðu til tillögunnar um könnun á styrkleika Norðurlandanna og telja að leggja beri áherslu á samstarf um áskoranir sem við enn stöndum andspænis hér á Norðurlöndum með tilliti til umhverfisvöktunar og tryggingar vatnsgæða. Einnig er talið vera gagnlegt að eiga samstarf um að þróa niðurstöður rannsókna yfir í hagnýta stjórnsýslu; að þróa tilraunaverkefni svæðisbundið eða á landsvísu. Þegar við höfum náð fram framförum heima fyrir getum við beint sjónum að miðlun þekkingar til annarra landa í Evrópu. Í lokin er bent á að ekki er nóg að beina sjónum bara að gæðum grunnvatns sem heyrir undir stjórnun á vatni, það er þörf fyrir samstarf sem nær til grunnvatns í heild sinni.

Sænsku náttúruverndarsamtökin „Naturskyddsföreningen“

Sænsku náttúruverndarsamtökin fagna tillögunni um aukna áherslu á samstarf um vatnsauðlindir. Vakin er athygli á að Skandinavíuskagi og Ísland eru verulega frábrugðin meginlandinu með tilliti til vatnsauðlinda. Loftslagsbreytingarnar eru enn eitt tilefnið til að leggja áherslu á þetta mál. Samtökin eru ekki sammála því álitu að Norðurlöndin, að minnsta kosti Svíþjóð, hafi stjórnun vatnsmála og gæði vatns í lagi og að framkvæmd rammatilskipunar ESB um vatn (FWD) gangi vel. Því er ekki hægt að styðja tillöguna um að flytja út þekkingu Norðurlandanna til annarra landa án þess að gera sér fyrst grein fyrir því hvort yfirleitt megi finna styrkleika í stjórnsýslu landanna. Sænsku náttúruverndarsamtökin styðja hugmyndina um að Norðurlöndin vinni að aukinni áherslu á vatnsmálefni á alþjóðavettvangi.

Samtök sænskra vatnsveitna „Svenskt Vatten“

Samtök sænskra vatnsveitna líta jákvæðum augum tillöguna um að safna saman reynslu um framkvæmd rammatilskipunar ESB um vatn (FWD), en lýsa eftir lýsingu á því hvernig það skuli gert. Bent er á að vinnan heima fyrir er burðarásinn í framkvæmd rammatilskipunar ESB um vatn (FWD) og hún verði því að vera tekin með í öflun reynslu. Lögð er til víðtæk öflun reynslu sem nær til vatns- og fráveitustofnana, viðskiptalífsins og umhverfissamtaka. Bent er á að í dag hafi rannsóknir sem þegar er lokið upp á ýmislegt að bjóða. Tínd eru til mörg bein dæmi þar sem krafist er samræmingar á regluverki ESB. Samtök sænskra vatnsveitna telja að Norðurlöndin standi mjög framarlega á þessu sviði og nefna mörg bein dæmi. Þess vegna er lýst yfir stuðningi við tillöguna um að kanna styrkleika Norðurlanda. Mörg svið þar sem talin er þörf á aukinni þekkingu

Norðurlandaráð

A 1618/miljö

Fjallað um í:
Umhverfis- og
náttúruauðlindanefnd

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer 14-00112-11

Norðurlandaráð

A 1618/miljö

Fjallað um í:
Umhverfis- og
náttúruauðlindanefnd

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer 14-00112-11

á Norðurlöndum eru einnig tínd til sögunnar. Einnig er lýst yfir stuðningi við tillöguna um aukna pólitíska áherslu á vatnsauðlindir.

Norðurlandaráð

Norrænu ráðherranefndinni, Noregi og Íslandi var boðið að taka þátt í umsagnarferli, en kusu að taka ekki þátt.

A 1618/miljö

Fjallað um í:
Umhverfis- og náttúruauðlindanefnd

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer 14-00112-11

Norðurlandaráð

A 1618/miljö

Fjallað um í:
Umhverfis- og náttúruauðlindanefnd

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer 14-00112-11

4. Sjónarmið nefndarinnar

Umhverfis- og náttúruauðlindanefndin tekur til þess að mikill meirihluti þeirra stofnana sem hafa látið álit sitt í ljós í umsagnarferlinu líta hugmyndir þingmannatillögunnar jákvæðum augum og styðja þessar hugmyndir. Nefndin er sammála þessu álit og telur að ná megi fram norrænu notagildi með því að fylgja tilmælunum. Nefndin telur einnig að framkvæma megi tillöguna innan þess fjárhagsramma sem Norræna ráðherranefndin hefur. Ennfremur er stefnan í vatnsmálum viðeigandi á landsvísu, svæðisbundið og alþjóðlega. Hins vegar telur nefndin að tillagan mætti vera skilmerkilegri til þess að varpa skýrara ljósi á hvað það er sem Norðurlandaráð vill ná fram. Því er lögð til umorðun á málsliðunum.

Fyrsti málsliður tillögunnar

Í fyrsta málslið tillögunnar er lagt til: „að norrænu löndin samræmi aðgerðir sínar alþjóðlega sem og á vettvangi ESB um að verja norrænar vatnsauðlindir“.

Fyrir liggur almenn beiðni til ríkisstjórna Norðurlandanna; um að samræma aðgerðir sínar á alþjóðavettvangi og innan ESB, til þess að verja norrænar vatnsauðlindir. Orðalagið er hægt að túlka á ýmsan hátt.

Viðræðurnar um nýjan loftslagssamning eru í hæsta máta viðeigandi til að tryggja verndun vatnsauðlinda á alþjóðavettvangi og á Norðurlöndum. Á þessu sviði fer fram öflugt norrænt samstarf og samhæfing.

Á alþjóðavísu er aðgangur að góðu drykkjarvatni hluti af þróunaraðstoð allra Norðurlandanna. Reiknað er með að aðgangur að vatni verði hluti af markmiðum SP um sjálfbærni (svokölluð SDG), sem eiga að koma í stað þúsaldarmarkmiða SP eftir árið 2015⁶.

Öll Norðurlöndin eru skuldbundin af rammatilskipun ESB um vatn (FWD) og eiga samkvæmt tilskipuninni að ná ákveðnum áföngum til þess að geta þróað stjórnsýslukerfi, skráð ástandið og þróað leiðir sem geta bætt ástandið til ársins 2027. Reiknað er með að vinna við endurskoðun rammatilskipunar ESB um vatn (FWD) fari fram á tímabilinu 2016 til 2019⁷. Gott væri ef Norðurlöndin gætu verið samstiga í þessari vinnu. Í því samhengi gæti verið gagnlegt að safna saman reynslu Norðurlandanna af framkvæmd tilskipunarinnar og vinna sameiginlegt mat á því hvernig megi á hagkvæman hátt endurbæta hana. Í þessu samhengi væri gagnlegt að nýta núverandi norrænt samstarf um vatnsauðlindir á milli stjórnvalda og fræðimanna, sem á stundum hefur hlotið stuðning frá Norrænu ráðherranefndinni.

Því er lagt til að fyrsta málslið tillögunnar verði skipt í tvo málsliði með áherslu á rammatilskipun ESB um vatn og umorða hana á þessa leið:

⁶ Í fyrirbyggjandi tillögu koma vatnsauðlindamálin inn sem nr. 6 af 17 markmiðum. Á ensku er þetta orðað svona: „ensure available and sustainable management of water and sanitation for all“ („ tryggja aðgengilega og sjálfbæra stjórnun vatns og hreinlætis fyrir alla“)

⁷ 2. í 19. gr. WFD, sem gekk í gildi árið 2000, segir: The Commission will review this Directive at the latest 19 years after the date of its entry into force and will propose any necessary amendments to it. („Framkvæmdastjórn ESB mun endurskoða þessa tilskipun í síðasta lagi 19 árum eftir gildistöku hennar og mun leggja til allar nauðsynlegar breytingar á henni“)

að Norðurlandaráð

beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um að taka saman reynslu af framkvæmd rammatilskipunar ESB um vatn (FWD) á Norðurlöndum og vinna tillögur með hliðsjón af komandi endurskoðun á tilskipuninni.

að Norðurlandaráð

beini tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna um að eiga samstarf og samhæfa sjónarmið sín við endurskoðun rammatilskipunar ESB um vatn (FWD)

Annar málsliður tillögunnar

Í öðrum málslið tillögunnar er lagt til „að eitt helsta forgangsverkefni Norðurlanda á næstu árum verði að verja norrænar vatnsauðlindir“

Almenn ósk liggur fyrir um að setja verndun vatnsauðlinda í algjöran forgang. Rammatilskipun ESB um vatn (FWD) er efst á pólitískri dagskrá á öllum Norðurlöndunum og eðlilegt væri því að skoða óskina frá því sjónarhorni. En það eru aðrir þættir einnig, eins og loftslagsviðræðurnar, stefnan um þróunaraðstoð og vinnan að markmiðum SP um sjálfbærni eftir árið 2015. Eðlilegra væri að taka þennan málslið fyrst, á undan málsliðnum um ESB sem er lýst hér á undan. Því er lagt til að málsliðurinn verði umorðaður til að ná betur yfir norrænt, evrópskt og víðtækt alþjóðlegt samstarf um vatnsauðlindir. Ennfremur að bæði verði vísað til aðgangs borgaranna og sjálfbærrar stjórnunar vatnsauðlindanna, í stíl við fyrirliggjandi tillögu að sjálfbærnismarkmiði SP nr. 6.

Því er lagt til eftirfarandi orðalag:

að Norðurlandaráð

beini tilmælum til Norðurlandanna um að leggja áherslu á vinnuna við að tryggja sjálfbæra stjórnun vatnsauðlinda og aðgang borgaranna að góðu vatni, með samstarfi sínu innan Norðurlanda, innan ESB og hjá öðrum alþjóðlegum stofnunum og í samræmi við sáttmála

Þriðji málsliður tillögunnar

Í þriðja málslið tillögunnar er lagt til „að norræn þekking á sviði vatnsveitu verði liður í Team Norden-starfinu“.

„Team Norden“ er hugtak sem hefur verið notað um sameiginlegt norrænt átak um alþjóðlega markaðssetningu Norðurlanda. Einkum er um að ræða markaðssetningu á sviðum og innan tækni þar sem Norðurlöndin eru talin vera í fremstu röð og sem má nýta í öðrum löndum og landssvæðum. Norræna ráðherranefndin vinnur að því að móta *Stefnu um markaðssetningu og kynningu (Branding strategi)* og einnig liggja fyrir áætlanir um að þróa tækni sem má nota þegar Norðurlöndin koma fram í sameiningu á alþjóðavettvangi til að stuðla að hagsmunum viðskiptalífsins.

Eru Norðurlöndin í fararbroddi á einhverjum sviðum varðandi vatnsauðlindamál? Vegna landfræðilegrar legu er til staðar þekking í fremstu röð á svæðinu um sambandið á milli snævar, íss og vatnsauðlinda. Ennfremur er því haldið fram að Norðurlöndin viðhafi stjórnunar- og stjórnsýsluhætti sem virki vel í samanburði við mörg önnur lönd. Einnig hefur verið upplýst að Danmörk hafi hrint af stað vinnu að auknum útflutningi þekkingar á vatnsauðlindum. En áður en hafist er handa við að markaðssetja þekkingu Norðurlanda í vatnsmálum, er nauðsynlegt að varpa ljósi á hvaða þekkingu er um að ræða og hvar í heiminum er skortur á slíkri þekkingu. Sú greining gæti hugsanlega afhjúpað hvar þekkingu skortir á Norðurlöndum, en sú vitneskja gæti

Norðurlandaráð

A 1618/miljö

Fjallað um í:
Umhverfis- og náttúruauðlindanefnd

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer 14-00112-11

Norðurlandaráð

A 1618/miljö

Fjallað um í:
Umhverfis- og náttúruauðlindanefnd

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer 14-00112-11

einnig komið sér vel. Í ljósi þessa er lagt til að málsliðurinn verði umorðaður í:

að Norðurlandaráð

beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um að kortleggja sterka stöðu Norðurlanda í vatnsauðlindamálum og hvernig megi á hagkvæman hátt notfæra sér hana í vinnunni við að tryggja vatnsveitur á öðrum svæðum.

5. Ályktun

Með hliðsjón af ofangreindu leggur umhverfis- og náttúruauðlindanefndin til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að taka saman reynslu af framkvæmd rammatilskipunar ESB um vatn (FWD) á Norðurlöndum og vinna tillögur með hliðsjón af komandi endurskoðun á tilskipuninni.

að kortleggja sterka stöðu Norðurlanda í vatnsauðlindamálum og hvernig megi á hagkvæman hátt notfæra sér hana í vinnunni við að tryggja vatnsveitur á öðrum svæðum.

Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna um

að leggja áherslu á vinnuna við að tryggja sjálfbæra stjórnun vatnsauðlinda og aðgang borgaranna að góðu vatni, með samstarfi sínu innan Norðurlanda, innan ESB og hjá öðrum alþjóðlegum stofnunum og í samræmi við sáttmála

að eiga samstarf og samhæfa sjónarmið sín við endurskoðun rammatilskipunar ESB um vatn (FWD)

Skagen, 22. júní 2015

Brynhildur Pétursdóttir (Björt framtíð)

*Hanna Kosonen (cent), **formaður***

Ineqi Kielsen (S)

Jan Lindholm (MP)

Mikko Kärnä (cent)

Sivert Haugen Bjørnstad (FrP)

*Sjúrdur Skaale (Jvfl.) **varaformaður***

Stein Erik Lauvås (A)

Susanna Koski (saml)

Thomas Finnborg (M)

Øyvind Halleraker (H)

Norðurlandaráð

A 1618/miljö

Fjallað um í:

Umhverfis- og

náttúruauðlindanefnd

Fylgiskjal:

Þingmannatillaga

Málsnúmer 14-00112-11

Norðurlandaráð

A 1618/miljö

Fjallað um í:

Umhverfis- og

náttúruauðlindanefnd

Fylgiskjal:

Þingmannatillaga

Málsnúmer 14-00112-11

A 1618/miljö

Fjallað um í:
Umhverfis- og
náttúruauðlindanefnd

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer 14-00112-11

Norðurlandaráð

A 1618/miljö

Fjallað um í:
Umhverfis- og
náttúruauðlindanefnd

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer 14-00112-11

Medlemsförslag om ökat nordiskt samarbete för att trygga de nordiska vattenresurserna

Enligt IPCC:s senaste rapport kommer klimatförändringen att medföra allvarliga risker för naturens och människans välbefinnande. Klimateffekterna, befolkningstillväxten och en ökad konsumtion av vatten kommer att ändra förutsättningarna för hela jordens vattenförsörjning och leda till en ökad global efterfrågan på vatten, särskilt sötvatten, som utgör endast två procent av allt jordens vatten.

Vattenfrågorna är tätt sammankopplade med de ekonomiska, sociala och säkerhetsfrågorna. Enligt den Europeiska unionen är 20 procent av Europas ytvatten allvarligt hotade och nästan hälften av EU:s befolkning lever i länder, där uttaget av sötvatten är för högt. Med hjälp av ramdirektivet för vatten har man strävat efter att förbättra EU-samarbetet över nationsgränser för att säkerställa god vattenstatus till år 2015.

Norden har gott om vattenresurser, men klimatförändringen beräknas påverka bland annat nederbörds mängderna, avdunstningen och avrinningen. Kvaliteten i vattendrag kan bli sämre när jorden inte är frusen i längre perioder, vilket innebär att vattenvården blir mer utmanande på grund av erosion och en ökad näringsbelastning i vattendragen.

De nordiska länderna har en tradition av att förvalta sina naturresurser på ett hållbart sätt och med hänsyn till våra ekosystem. Rena vattendrag, tryggt och rent dricksvatten samt sanitet ska även i framtiden kunna garanteras för medborgarna i Norden. Hittills har det inte funnits tillräcklig nordisk samordning kring dessa viktiga frågor, utan länderna har agerat var för sig.

Med tanke på framtidsutsikterna, och särskilt på internationaliseringen och globaliseringen av den sk. vattenfrågan, anser Mittengruppen att de nordiska länderna bör arbeta strategiskt för att se till att våra vattendrag

inte utsätts för påfrestningar och föroreningar. Likaså är det viktigt att arbeta för en god hantering och gott skydd av vattenresurser samt att grundvattenresurserna inte överutnyttjas när efterfrågan på vatten ökar. En allvarlig störning i vattenförsörjningen kan leda till samhällskriser, som kräver särskild beredskap. Våra primärnärningar, jordbruk och fiske, är beroende av vatten såväl som näringslivet och energiproduktionen. För att förvalta och bevara de nordiska vattenresurserna nu och för kommande generationer behövs samarbete och gemensamma lösningar.

Det höga teknologiska kunnandet inom vattenförsörjningen och i förvaltningen av vattenresurser kan öppna nya möjligheter för de nordiska länderna att sprida sitt kunnande internationellt. Vid sidan av de nya möjligheterna bör de nordiska länderna samarbeta för att hantera de hot som förorsakas av de nya omständigheterna som beskrivs här. Det är viktigt att koordinera Nordens ståndpunkter till exempel med hänsyn till EU:s vattenpolitik samt i förhandlingarna om internationella och globala handels- och investeringsavtal. De nordiska länderna bör i samband med avtalsförhandlingarna lyfta upp frågor som berör skyddandet av naturresurser, däribland vatten.

Í ljósi þess sem hér hefur komið fram leggur flokkahópur miðjumanna til að

Norðurlandaráð beinir tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna um

að norrænu löndin samræmi aðgerðir sínar alþjóðlega sem og á vettvangi ESB um að verja norrænar vatnsauðlindir;

að eitt helst forgangsverkefni Norðurlanda á næstu árum verði að verja norrænar vatnsauðlindir;

að norræn þekking á sviði vatnsveitu verði liður í Team Nordenstarfinu.

Akureyri, 7. apríl 2014

Anders Andersson (KD)

Anders Eriksson (ÁF)

André N. Skjelstad (V)

Anita Brodén (FP)

Arto Pirttilahti (cent)

Brynhildur Pétursdóttir (Björt framtíð)

Christina Gestrin (sv)

Eeva-Maria Maijala (cent)

Finn Thranum (V)

Helgi Abrahamsen (sb)

Höskuldur Þórhallsson (F)

Jóhanna María Sigmundsdóttir (F)

Jörgen Pettersson (ÁC)

Karen Ellemann (V) varaformaður

Liv Holm Andersen (RV)

Rigmor Andersen Eide (KrF)

Satu Haapanen (gröna)

Simo Rundgren (cent)

Åsa Torstensson (C)

Norðurlandaráð

A 1618/miljö

Fjallað um í:

Umhverfis- og

náttúruauðlindanefnd

Fylgiskjal:

Þingmannatillaga

Málsnúmer 14-00112-11

Norðurlandaráð

A 1618/miljö

Fjallað um í:

Umhverfis- og

náttúruauðlindanefnd

Fylgiskjal:

Þingmannatillaga

Málsnúmer 14-00112-11